# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

*22.12.2022 08:54*

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með happnum Bæta við kæranda

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | Steinar Orri Sigurðsson |
| Kennitala | 2002744669 |
| Heimilisfang | Hraunbraut 14 efri hæð |
| Póstnúmer | 200 |
| Staður | Kópavogur |
| Sími | 8214421 |
| Netfang | storris@verslun.is |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.Upplýsingum um félagafjölda.Samþykktum félagsins.Nýjustu ársskýrslu.Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | |
| Póstnúmer | |
| Sími | |
| Netfang | |
| Umboð | |

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

| | |
|---|---|
| | Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista |

Efni kærunnar

Ákvörðun byggingarfulltrúa að hafna umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúð á jarðhæð við Hraunbraut 14.

Kópavogsbær vísaði þann 25.11.2022 frá, án efnislegrar meðferðar, umsókn sem send var inn 11.11. 2022 um að íbúð á jarðhæð Hraunbrautar 14 (Fasteignanúmer 2513969-Matsnúmer 010002), þar sem búið hefur verið í allra sátt í 37 ár, verði samþykkt sem íbúð. Byggingafulltrúi Kópavogs hefur áður sannreynt að íbúð þessi standist allar gildandi kröfur sem gerðar eru til nýbygginga, Á sama tíma samþykkir Kópavogsbær á mettíma kjallaraíbúð í næsta nágrenni sem hvorki stenst grundvallarkröfur byggingarreglugerðar né lágmarks öryggiskröfur.

Það eina sem Kópavogsbær hefur látið frá sér fara um þessa umsókn er frá 25.11.2022:

„Hraunbraut 14 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
Steinar Orri Sigurðsson, Hraunbraut 14, Kópavogur, sækir um leyfi til að gera íbúð i kjallara að Hraunbraut 14.
Teikning: Luigi Bartolozzi.
Byggingarfulltrúi hafnaði erindinu með tilvísun í afgreiðslu skipulagsráðs 29. mars 2021 og bæjarstjórn dags. 13. apríl 2021 með tilvísun í 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010."

Með þessu virðist byggingarfulltrúi gefa sér að þetta sé sama umsókn og áður hefur verið hafnað án annars rökstuðnings en að "nær væri að setja skýra stefnu hvað varðar fjölgun íbúða innan tiltekins hverfi". Í þessu samhengi skal bent á þá skýru, gildandi stefnu Kópavogsbæjar í því hverfi sem hér um ræðir að fjölga íbúum svo þúsundum skiptir. M.a. með byggingu fjölbýlishúsa í stað einbýlishúsa inn á milli eldri húsa í næsta nágrenni við Hraunbraut 14 (t.d. Ásbraut 1, Kársnesbraut 21 ofl) og ekki síst yfirstandandi íbúaþéttingu vesturhluta Kársness og strandar Fossvogs. Í því samhengi væri með öllu óskiljanlegt að skipulagsnefnd sneri úr jákvæðu í neikvætt fyrra áliti um viðurkenningu einnar stúdíóíbúðar í hverfinu, sem full sátt hefur verið um í þau 37 ár sem þar hefur verið búið, og felur ekki í sér neinar breytingar fyrir neina hagsmunaaðila.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

44. grein skipulagslaga fjallar um grenndarkynningu. Samþykkt umræddrar íbúðar á jarðhæð,  ekki kjallara eins og rangt er farið með í þessu svari,  hefur margsinnis farið í víðtæka grenndarkynningu, og alltaf hlotið 100% samþykki allra nágranna. Því er óskiljanlegt hvernig þessi tilvísun byggingarfulltrúa á að styðja við höfnun á erindi þessu.

| | |
|---|---|
| Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun | Kópavogsbær |
| Dagsetning ákvörðunar | 25.11.2022 |

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

## 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tilteknar framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Krafa umsækjanda er að fá sanngjarna málsmeðferð umsóknar sinnar skv gildandi lögum og reglugerðum þ.m.t. byggingareglugerð og stjórnsýslulög.
Að fá íbúð okkar sem stenst fyllilega allar reglugerðir sem eiga við um nýjar íbúðir árið 2022, og búið hefur verið frá árinu 1986, réttilega skráða sem slíka eins og fjöldi fordæma er fyrir í nánasta umhverfi.

## 5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Skráning fasteingar hefur áhrif á raunverðmætismat hennar og því fjárhagslega hagsmuni eigenda.
Mikilvægt er öryggis vegna að húsnæði sé rétt skráð. Þó ekki nema sé fyrir viðbragðsaðila, brunalið og sjúkraflutninga.
Ekki síður gagnvart bæjarfélaginu, þar sem rétt gjaldsstofnsskráning þýðir að loks er hægt að taka rétt gjöld.
Augljóst er því að hagsmunir allra, eigenda, nágranna, bæjarfélagsins, viðbragðsaðila og annara hlutaðeigandi fara saman.
Hagsmunamál og yfirlýstur vilji allra íbúa og allra nágranna er að þessi íbúð sé samþykkt. Stjórnsýslulög  skylda stjórnvald til að sýna fram á að sterkari hagsmunir séu á móti, til að mega ganga gegn jafn ríkum hagsmunum íbúa og hér er um að ræða.
Sbr. bæði jafnræðisreglu stjórnsýslulaga í 11. gr. laga nr. 37/1993 og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga í 12. gr. sömu laga.

Engin slík rök hafa enn komið fram frá hendi bæjarins.

## 6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Luigi Bartolozzi arkitekt, lagði inn umsóknina 11.11 2022 fyrir hönd eigenda,
Ekki hefur borist formleg tilkynning um að málinu hafi verið hafnað en ef farið er inná fundargerðir byggingarfulltrúa má smá að erindinu hefur verið hafnað þann 25.11 2022.
https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/afgreidslur-byggingarfulltrua/3470

## 7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Byggingarfulltrúi hafnaði erindinu með tilvísun í afgreiðslu skipulagsráðs 29. mars 2021 og bæjarstjórn dags. 13. apríl 2021 með tilvísun í 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010."

Í fyrsta lagi inniheldur þessi afgreiðsla þá rangfærslu að umrædd íbúð sé í kjallara. Það er rangt, enda hefur Byggingafulltrúi áður staðfest að íbúðin sé á jarðhæð.
Í öðru lagi er út í hött að vísa í afgreiðslu á fyrra erindi, þar sem það erindi var afgreitt á þeim (röngu) forsendum að um væri að ræða að kljúfa geymslu frá íbúð á efstu hæð og stofna nýtt fasteignanúmer og breyta í íbúð. Hið rétta er að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

umrædd íbúð hefur frá upphafi og alla tíð verið sér eignarhluti en var um 1990 ranglega og án nokkurs tilefnis eða gagna skráð hjá Þjóðskrá sem hluti af annarri eign. Um tvö ár tók að fá það leiðrétt, með fulltingi Umboðsmanns Alþingis.
Í þriðja lagi er tilvísun í 44. gr. Skipulagslaga óskiljanleg, þar sem greinin fjallar um grenndarkynningu, og umrædd íbúð hefur margsinnis farið í grenndarkynningu, vel umfram settar reglur, og alltaf hlutið 100% samþykki allra nágranna.
Enginn grundvöllur Kópavogsbæjar er fyrir höfnun á samþykkt umræddrar íbúðar, fyrir utan beinar rangfærslur.
Það eina sem Kópavogsbær hefur látið frá sér fara um þessa umsókn er frá 25.11.2022:

„Hraunbraut 14 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
Steinar Orri Sigurðsson, Hraunbraut 14, Kópavogur, sækir um leyfi til að gera íbúð i kjallara að Hraunbraut 14.
Teikning: Luigi Bartolozzi.
Byggingarfulltrúi hafnaði erindinu með tilvísun í afgreiðslu skipulagsráðs 29. mars 2021 og bæjarstjórn dags. 13. apríl 2021 með tilvísun í 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010."

Með þessu virðist byggingarfulltrúi gefa sér að þetta sé sama umsókn og áður hefur verið hafnað án annars rökstuðnings en að "nær væri að setja skýra stefnu hvað varðar fjölgun íbúða innan tiltekins hverfi". Í þessu samhengi skal bent á þá skýru, gildandi stefnu Kópavogsbæjar í því hverfi sem hér um ræðir að fjölga íbúum svo þúsundum skiptir. M.a. með byggingu fjölbýlishúsa í stað einbýlishúsa inn á milli eldri húsa í næsta nágrenni við Hraunbraut 14 (t.d. Ásbraut 1, Kársnesbraut 21 ofl) og ekki síst yfirstandandi íbúaþéttingu vesturhluta Kársness og strandar Fossvogs. Í því samhengi væri með öllu óskiljanlegt að skipulagsnefnd sneri úr jákvæðu í neikvætt fyrra áliti um viðurkenningu einnar stúdíóíbúðar í hverfinu, sem full sátt hefur verið um í þau 37 ár sem þar hefur verið búið, og felur ekki í sér neinar breytingar fyrir neina hagsmunaaðila.

44. grein skipulagslaga fjallar um grenndarkynningu. Samþykkt umræddrar íbúðar á jarðhæð, ekki kjallara eins og rangt er farið með í þessu svari, hefur margsinnis farið í víðtæka grenndarkynningu, og alltaf hlotið 100% samþykki allra nágranna. Því er óskiljanlegt hvernig þessi tilvísun byggingarfulltrúa á að styðja við höfnun á erindi þessu.

Við afgreiðslu skipulagsráðs 29.03.2021 kom t.d. ekki fram að umræddur eignarhluti er skráður í fasteignaskrá sem F2513969 og er því hér ekki um að ræða ósk um breitingar á notkun né uppskiptingu eignar.
Ítrekað hafa ófullnægjandi upplýsingar vegna umsóknar okkar um samþykkt íbúðar á jarðhæð fjórbýlishússins Hraunbrautar 14 legið til grundvallar ákvörðun skipulagsráðs Kópavogsbæjar. Er því óumflýjanlegt að leggja inn þessa kæru og óska eftir að stjórnsýsluleg afgreiðsla þessa máls byggist á réttum upplýsingum, staðreyndum, gögnum og eftirgildandi lögum og reglugerðum.

Skjal #2 Bréf þetta er svarbréf Guðrúnar Eddu Finnbogadóttur lögfræðings hjá Kópavogsbæ við ítrekuðun athugasemdum umsækjanda með athugasemdum sem sýna fram á allar þær endurteknu rangfærslur af hennar hálfu. Sem svo lágu til grundvallar afgreiðslu nefnda og stjórna bæjarins.
Skjal "3 Frumrit GEF lögfræðings hjá Kópavogsbæ til bæjarráðs 14.06.2021
Skjal #4 Ósk um endurupptöku

## 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista |
| | Skjal #1 |

## 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Kvörtun til umboðsmanns Alþingis |
| Númer skjals: | 1 |
| Fylgiskjal | Kvörtun til Umboðsm.alþ.docx |

## 9. Fylgiskjalalisti[2]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Bréf GEF 14.6 2021 |
| Númer skjals: | 2 |

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

| | |
|---|---|
| Fylgiskjal | Bréf GEF 14.06.21 m. aths..pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[3]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Umsögn GEF |
| Númer skjals: | 3 |
| Fylgiskjal | Umsögn GEF.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[4]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Ósk um endurupptöku |
| Númer skjals: | 4 |
| Fylgiskjal | Rökstuðningur vegna rangrar afgreiðslu.pdf |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026